



Nú standa yfir framkvæmdir við ný- og endurlögn Vestfjarðavegar (60) í Gufudalssveit, frá Kráká að slitlagsenda á vestanverðu Skálnesi. Kaflinn er 2,6 km langur og á verkinu að vera lokið 1. nóvember í haust. Verktaki er KNH ehf.

Þrjátíu milljónir aukalega í malarvegi á Vestfjörðum

Áður birt á vegagerdin.is 25.05.2011

Vegamálastjóri ákvað nýlega að veita aukalega 30 milljónum króna til viðhalds á malarvegum á sunnanverðum Vestfjörðum. Með því er vænst að vegirnir verði í heldur betra ástandi í sumar en verið hefur undanfarin ár þótt rétt sé að taka fram að þetta veldur engri byltingu en bætir ástandið nokkuð.

Féð verður notað á Dynjandisheiði, Vestfjarðavegi, Ketildalsvegi, Örlygshafnarvegi og víðar.

Það sem til stendur að gera á sunnanverðum Vestfjörðum er að úr hefðbundinni viðhaldsfjárveitingu verður lokið við mölburð á Örlygshafnarvegi að Kollvíkurvegi. Þá er einnig áætlað að styrkja Vestfjarðaveg í Gufudalssveit um Hjallaháls og Ódrjúgsháls.

Viðbótarfjárveiting fer til:

- Ljúka mölburði á Dynjandisheiði frá Barðastrandarvegi og norður að sýslumörkum.
- Viðhald vegar, brot og endurmótun á Vestfjarðavegi um Kjálkafjörð og Kerlingarfjörð.
- Brot og endurmótun á Ketildalavegi ásamt lagfæringu á fyllingu í Hringsdal.
- Brot og endurmótun ásamt rásagerð og ræsaniðursetningu á Örlygshafnarvegi um Hafnarfjall.
- Brot og endurmótun á hluta Tálknafjarðarvegur.
- Mölburður á hluta Vestfjarðavegar um Hjalla- og Ódrjúgsháls.

Hluti þessara aðgerða er hafinn. ■

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 10. tbl. 19. árg. nr. 566 30. maí 2011

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt,
útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

Auglýsingar útboða

Vetrarþjónusta 2011 - 2014, Vegamót - Borgarnes,

Brattabrekka 11-030

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur með vörubifreiðum, innan ramma ábatasamnings, á eftirtöldum vegum:

Snæfellsnesvegur (54), frá Vatnaleið (56) syðri enda - Borgarnes, 63, km

Hringvegur (1), frá Borgarnesi - Norðurárdalsvegur (528) norðurendi, 46,1 km

Vestfjarðarvegur um Bröttubrekku (60), frá Hringvegi að Breiðabólstað, 16,9 km

Helstu magntölur á ári eru:

Vörubílar í snjómokstri
og hálkuvörn 28.200 km

Verktími er frá 16. september 2011 til og með 30. apríl 2014.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 á Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 30. maí 2011. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 15. júní 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Upphéraðsvegur (931),

Skeggjastaðir - Teigaból 11-029

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í styrkingu og slitlagslögn á Upphéraðsvegi (931), á kafla sem byrjar 540 m norðan við vegamótin að Skeggjastöðum II og nær 340 m suður fyrir vegamótin að Teigabóli í Fellum á Fljótsdalshéraði. Heildarlengd útboðskaflans er um 3 km.

Verkið felst í afréttingu á neðra burðarlagi, útlögn á efra burðarlagi og klæðingu ásamt tilheyrandi lagfæringum á vegfláum og lengingu á ræsum. Grafa þarf nýjan skurð á um 640 m löngum kafla.


Helstu magntölur eru:

Skurðir	1.800 m ³
Steinröraræsi	15 m
Stálröraræsi	18 m
Heflun undirbyggingar	18.000 m ²
Neðra burðarlag	7.500 m ³
Efra burðarlag	2.700 m ³
Tvöföld klæðing	20.000 m ²

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. september 2011.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 30. maí 2011. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 15. júní 2011 verða þau opnuð á þar kl. 14:15 þann dag.



Vetrarþjónusta 2011 - 2014,
Vegamót - Borgarnes,
Brattabrekka
sjá auglýsingu

Ólafsfjarðarvegur (82), snjóflóðavarnir við Sauðanes

Í síðasta tölublaði var auglýst útbod á gerð snjóflóðavarna í Ólafsfjardarmúla. Um er að ræða gerð þriggja snjóflóðaskápa ofan vegar og uppsetningu á stálþili framan við þá, tveimur 40 m löngum og einu 50 m.


Efnið sem til fellur við gerð skápanna skal nota til breikkunar og jöfnunar vegfláa neðan vegar á um 0,9 km kafla.

Á framkvæmdasvæðinu liggur Ólafsfjarðarvegur (82) í sneiðingi framan í allbrattri hlíð, mest í um 100 m y.s. Ofan vegarins ris hlíðin með halla u.þ.b. 1:2 uns klettabelti taka við í um 300 m y.s. Hlíðin er skorin af nokkrum 10-20 m breiðum

og allt að 5 m djúpum lækjargiljum, og hafa þrjú þau stærstu verið auðkennd með númerum 35 til 37 frá norðri til suðurs. Lækir eru í flestum giljunum og rennur vatnið undir veginn í ræisihólkum.

Ólafsfjarðarvegur (82) á framkvæmdakaflanum er 6,5 m breiður með bundnu slitlagi. Hann liggur í sneiðingi, víðast með 2-3 m breiðum vegskurði og skeringu fjallmegin, en allhárri fyllingu með löngum fláum hinu megin.

Skila skal tilboðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 7. júní 2011 og verða þau opnuð kl. 14:15 þann dag. ■




Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Árlega veitir Vegagerðin styrk til rannsóknaverkefna. Styrkirnir eru fjármagnaðir af svonefndu tilraunafé, sem er nú 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni nokkurra af þeim skýrslum sem komið hafa út, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

Hönnunarleiðbeiningar fyrir veghönnun og varnir á snjóflóðasvæðum – Vinnuleiðbeiningar mars 2010

Markmið leiðbeininganna er að setja fram nokkur einföld töl sem nýtast veghönnuðum þegar lögð eru drög vega í eða við fjalllendi, þar sem gera má ráð fyrir að snjóflóð geti náð niður á veg. Leiðbeiningarnar eru settar þannig upp að leikmaður geti metið hvort nauðsynlegt er að kalla til sérfræðing á sviði snjóflóða í þessu sambandi.



Flæðirit frumdraga vega um fjallendi.

Auðhreinsanleg yfirborð vegstika mars 2010

Kannað var hvort hægt væri að auka hreinleika vegstika með yfirborðshúðun endurskinsmerkja þeirra. Endurskin stika var mælt og notað sem mælikvarði á hreinleika. Niðurstaða verkefnisins var að ávinningur af húðun endurskinsmerkja var lítill. Það er tekið fram að þetta þýði ekki



að húðimar sem prófaðar voru standi ekki fyrir sínu, fremur að endurskinsmerki frá framleiðanda sé mjög góð, dragi ekki til sín óhreinindi og séu auðhreinsanleg.

Steinefnabanki – lýsing á berggreiningum á 18 námum víðsvegar um landið mars 2010

Tilgangur ritsins er að auðvelda starfsfólki í mannvirkjagerð að skilja og túlka berggreiningar og þar með að geta gripið inn í framleiðsluferli ef breyting verður á námu sem unnið er úr. Hægt er að skoða myndir af mismunandi berggerðum í skýrslunni og þannig átta sig á hvort breytingar séu að eiga sér stað í unnu steinefni úr ákveðinni námu, miðað við upphaflega berggreiningu.



Slysgreining – Miklabraut/Kringlumýrabraut, ávinningur af óhindruðum beygjustraumum apríl 2010

Árið 2005 voru gerðar breytingar á ljósastýrðum gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrabrautar, þannig að beygjuljós fyrir umferð til vinstri eru bæði af Miklubraut og Kringlumýrabraut, en var áður aðeins af Miklubraut. Óhappatíðni og alvarleiki umferðarslysa var skoðaður fyrir og eftir uppsetningu ljósanna. Niðurstöður athugananna sýna töliverða fækkun (78%) vinstribeygju óhappa með meiðslum eftir 2005. Með tilvísun í alvarleikastuðul þykir líka sýnt að fjárhagslegur ávinningur við uppsetningu ljósa sé töliverður.



Frá gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrabrautar.

Malbikun á gólf steyptra brúa – seinni áfangi mars 2010

Í fyrri rannsókn voru prófuð mismunandi einangrunarefni til að draga úr leiðni klórs inni í steypu þar sem malbikað er á gólf brúa. Fram kom að tjörubundin efni höfðu jákvæða virkni og í þessum áfanga var virkni bikþeytu skoðuð betur. Niðurstöður sýna að virknin eykst eftir því sem biklagið er þykkara og innihald biks í bikþeytu er meira. Einnig reyndist árangursríkara að hafa yfirborð steypunnar rakt.



Leiðbeiningar um vinnslu steinefna apríl 2010

Markmið með verkefninu er að til verði handhægar leiðbeiningar um vinnslu steinefna til vegagerðar og hvernig eigi að glíma við þau vandamál sem upp kunna að koma varðandi vinnslu íslenskra steinefna. Farið hefur verið yfir efnisvinnslu hérlandis, upplýsingum safnað og vandamál greind. Þá hafa heimildir verið skoðaðar. Greint er frá stöðu verkefnisins í skýrslunni en gert er ráð fyrir í framhaldinu að halda áfram heimsóknum til verktaka og skoða efnisvinnslu steinefna úr setmyndunum. Handbók verður skrifuð í framhaldi af því.



Færanleg samstæða: kjaftbrjótur (forbrjótur), kónbrjótur (eftirbrjótur) og tveggja dekkja harpa. Öll tækin eru á beltum.

Loftslagsbreytingar og vegagerð – Veðurfarsaðlögun í starfsemi

Vegagerðarinnar apríl 2010

Í skýrslunni er fjallað um líklegustu áhrif loftslagsbreytinga á starfsemi Vegagerðarinnar og safnað upplýsingum um núverandi aðferðir hjá stofnuninni til að tengja hönnunar- og rekstrarþætti við upplýsingar um veðurfar. Þá er lýst þeim atriðum sem þurfa nánari skoðun og er þar til dæmis nefnt hvaða gerð bindiefna sé heppilegast að nota í slitlögum í framtíðinni, gera þurfi áhættumat fyrir flóð í minni vatnsvegum og ræsum og fá yfirlit yfir mannvirki við strendur sem verða fyrir áhrifum sjávarstöðubreytinga.

Greining og úttekt á LundaMATs – Umferðarstjórnun fyrir

höfuðborgarsvæðið maí 2010

Frá árinu 1998 hefur verið unnið að markvissri umferðarstjórnun í sveitarfélaginu Lundi í Svíþjóð í áætlun sem ber heitið LundaMATs. Í verkefninu er áætlunin greind og hvernig hún hefur verið byggð upp og unnin og lagt mat á hvaða þættir hennar kunna að henta á höfuðborgarsvæðinu. Í skýrslunni eru lögð fram drög að áætlun fyrir höfuðborgarsvæðið, sem tekur mið af uppbyggingu og ferli LundaMATs.

Vinnsla malarslitlaga apríl 2010

Í skýrslunni er gerð grein fyrir niðurstöðum ýmissa rannsókna sem gerðar hafa verið á malarslitlögum, einkum m.t.t. efnisgæða og mati á gæðum, sem og kröfum í nokkrum löndum. Birtar eru niðurstöður spurningalista um helstu framleiðsluafærðir íslenskra verktaka og reynslu deildarsjóra Vegagerðarinnar. Einnig er greint frá niðurstöðum nokkurra tilrauna sem gerðar voru. Að lokum eru kostnaðarreikningar vegna flutnings á leirríku fínefni til íblöndunar í malarslitlagsefni, en niðurstöður þess voru miðað við gefnar forsendur að ávallt var hagstæðara að flytja leir til íblöndunar í grófara malarefni miðað við kostnað við gerð klæðingar á sama stað.

Tæknilegir eiginleikar


mismunandi berggerða apríl 2010

Í skýrsluna er safnað saman niðurstöðum tæplega 6.200 prófa á borkjörnum frá meira en 170 rannsóknakjarnaborholum sem boraðar hafa verið víðsvegar um landið. Niðurstöður eru flokkaðar í töflu, sem líta má á sem fyrsta vísu að gagnasafni fyrir eiginleika íslensks bergs, þar sem hægt er að flokka, greina og bera saman eiginleika bergsins. Fram kemur að fylgni er í mörgum tilvikum milli berggerðar og tæknieiginleika bergsins, en hún er misgóð. Best er hún fyrir storkuberg, en síðri fyrir setberg.

Notkun bergs til vegagerðar

– Vinnsla, efniskröfur og útlögn júní 2010

Færst hefur í vöxt að nota sprengt berg til vegagerðar, en reynslan hefur verið ærið misjöfn. Í skýrslunni er safnað saman upplýsingum, sem höfundar telja að geti komið að gagni við framleiðslu og notkun sprengds bergs til vegagerðar og dregið úr líkum á mistökum. Fjallað er um uppbyggingu nokkurra vegakafila úr sprengdu bergi og reynslu af þeim og þá eru settar fram leiðbeiningar um vinnslu og notkun sprengds bergs.



Til að forðast aðskilnað í flokkuðu efni er mikilvægt að haugsetja það í hæfilega þykkum lögum og hlaða efninu þannig upp að grófar hluti úr efri lögum hrynji ekki niður hlíðar haugsins og orsaki þar með aðskilnað í efninu.

Á annað hundrað þátttakenda á samgöngupingi

Áður birt á innanrikisraduneyti.is 19.05.2011 (hér lítillega breytt)

Vel á annað hundrað manns sátu samgöngþing í Reykjavík sem haldið er á vegum samgönguráðs og innanrikisráðuneytisins 19. maí sl. Flutt voru erindi um drög að helstu markmiðum samgönguáætlunar 2011 til 2022 en framundan er nú loka-hnykkur við gerð tillögu til samgönguáætlunar sem ráðgert er að leggja fyrir Alþingi í haust.

Ögmundur Jónasson innanrikisráðherra flutti ávarp í upphafi samgöngupings og fór yfir markmið um greiðar, hagkvæmar, öruggar, umhverfislega sjálfbærar samgöngur og jákvæða byggðaðróun. Þá greindi ráðherra frá því að hann hefði skipað starfshóp til að hefja athugun á tilraun til strandsiglinga, að kanna ætti mikilvægi innanlandsflugs og að stefnt væri að því að tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna.

Auk erinda um sjálfa samgönguáætlunina ræddi Þóroddur Bjarnason, Háskólanum á Akureyri, um samfélagsleg áhrif samgangna meðal annars út frá þeirri stefnubreytingu sem áætlunin gerir ráð fyrir sem er að horfa ekki á ferðatíma milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar heldur innan svæða á landsbyggðinni. Sagði hann markmið samgöngubóta margþætt, arðsemi, hagkvæmni og aðgengi og hann sagði mismunandi atvinnugreinar hafa mismunandi þarfir í samgöngumálum. Einnig flutti Ásdís Hlökk Theodórsdóttir erindi um samþættingu samgangna, skipulags og heilsu. Hafdís Hafliðadóttir, staðgengill forstjóra Skipulagsstofnunar fjallaði um landsskipulagsstefnu og Héðinn Unnsteinsson, sérfræðingur í forsætisráðuneytinu, ræddi einföldun, fækkun og samþættingu stefna og áætlana stjórnvalda.

Í lok þingsins fór Dagur B. Eggertsson, formaður samgönguráðs, yfir næstu skref í vinnunni og þinginu lauk síðan með pallborðsumræðum með þátttöku fulltrúa í samgönguráði.

Víðtækt samráð

Samkvæmt lögum um samgönguáætlun er gert ráð fyrir ákveðnu samráði fjölmargra aðila við gerð samgönguáætlunar. Slíkt samráð hefur verið umfangsmeira en áður.

Þannig voru haldnir fundir í öllum landsfjórðungum um langtímastefnumótun. Fundina sóttu fulltrúar sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og atvinnulífs. Þá var boðið uppá umræðufundi með háskólasamfélaginu og stofnað var til samstarfsvettvangs um samgöngumál þar sem leiddir voru saman sérfræðingar, stjórnvöld og aðrir hagsmunaaðilar með það að markmiði að miðla þekkingu og stuðla að rannsóknarstarfi. Lokahnykkurinn í samráði er samgönguping.

Greiðar samgöngur

Meginbreytingin varðandi greiðar samgöngur felst í því að markmið um hámark ferðatíma milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins er fellt út en áhersla þess í stað lögð á styttingu ferðatíma innan hvers landsvæðis, þ.e. markmið um hámark ferðatíma

Samgöngúáætlun, stefna í fimm köflum

Stefna og markmið samgönguáætlunar eru sett fram í fimm köflum:

- Markmið um greiðar samgöngur
- Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur
- Markmið um hagkvæmar samgöngur
- Markmið um öryggi í samgöngum
- Markmið um jákvæða byggðaðróun

til næsta atvinnu- og þjónustukjarna. Aukin áhersla er á greiðari samgöngur með öðrum ferðamáta en einkabíl, þ.e. að efla almenningssamgöngur og áhersla er á að hjólandi og gangandi verði auðveldað að komast leiðar sinnar. Komu þessar áherslubreytingar meðal annars fram á samráðs- og hugarflugsfundum.

Umhverfislega sjálfbærar samgöngur

Stefnumið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur eru ítarlegri en áður. Lögð er meiri áhersla á umhverfisvænni ferðamáta en einkabíl, breyttar ferðavenjur og aukna notkun umhverfisvænna orkugjafa í samgöngutækjum.

Hagkvæmar samgöngur

Aukin áhersla er lögð á mat á samfélagslegum kostnaði og ávinningi við samgönguframkvæmdir, að gjaldtaka af notendum endurspegli raunverulegan kostnað og breytta ferðahætti í þéttbýli til að draga úr þörf á uppbyggingu umferðarmannvirkja. Fram kom á samráðsfundum stuðningur við faglega forgangsröðun fjárfestinga í samgöngum þar sem samfélagsleg áhrif yrðu metin og vegin samhliða ávinningi af til dæmis styttri ferðatíma og auknu umferðaröryggi.



Ögmundur Jónasson innanrikisráðherra flutti ávarp í upphafi samgöngupings.

Öryggi í samgöngum

Í öryggismálum er stefnað svipuð og verið hefur en bætt er við stefnumiði um að greina áhrif þess að taka formlega upp svokallaða núllsýn í umferðaröryggismálum héraendis og bera hana saman við aðrar leiðir sem þær þjóðir fara sem fremst standa í umferðaröryggismálum.

Niðurstöður útboða

Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og Suðursvæði, 2011-2012 ¹¹⁻⁰⁰⁸

Tilboð opnuð 24. maí 2011. Yfirborðsmerkingar akbrauta með vegmössun, árin 2011-2012. Um er að ræða vegmössun á Suðvestursvæði og Suðursvæði.

Helstu magnþölur, miðað við eitt ár, eru:

Spautumössun, akreinalína og markalína.....	740.000 m
Formerkingar.....	240.000 m
Vegmössun, örvar, stakar merkingar og lína.....	7.300 m ²
Biðskylduþríhyrningar.....	1.200 stk.

Verki skal að fullu lokið 15. september 2012.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Vegamálun ehf., Kópavogi	168.200.000	122,3	60.726
--- Áætlaður verktakakostnaður	137.555.000	100,0	30.081
2 Vegamál ehf., Reykjavík	113.865.000	82,8	6.391
1 Veg-Verk ehf. og Aðalblikk ehf., Kópavogi	107.474.000	78,1	0

Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2011, klæðing ¹¹⁻⁰⁰²

Tilboð opnuð 24. maí 2011. Yfirlagnir með klæðingu á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2011.

Heildarlengd yfirlagna er u.þ.b. 51 km.

Helstu magnþölur eru:

Yfirlagnir, klæðing (K1), með flokkaðri mól.....	87.000 m
Yfirlagnir, klæðing (K1), án efnis.....	270.000 m
Hjólafarafylling, klæðing (K1), án efnis.....	35.000 m
Klæðing, bindi- og viðlöðunarefni.....	530 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. september 2011.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði	210.055.000	123,6	52.213
--- Áætlaður verktakakostnaður	170.000.000	100,0	12.158
3 Gröfufækni ehf., Flúðum *	163.990.000	96,5	6.148
2 Borgarverk ehf., Borgarnesi	162.259.000	95,4	4.417
1 Bikun ehf., Reykjavík	157.842.500	92,8	0

*Gröfufækni ehf. skilaði einnig inn frávikstilboði.

Jákvæð byggðapróun

Vísað er í markmið sóknaráætlunar og áhersla lögð á samþættingu samgönguáætlunar við aðrar áætlanir stjórnvalda, svo sem byggðaáætlun, fjarskiptaáætlun, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og orkuskiptaáætlun í samgöngum. ■

Yfirlagnir á Suðvestursvæði og Suðursvæði 2011, repave eða fræsing og malbik ¹¹⁻⁰³²

Tilboð opnuð 24. maí 2011. Yfirlagnir með repave-aðferð eða fræsing og malbiki á Suðvestursvæði og Suðursvæði árið 2011.

Helstu magnþölur:

Repave eða fræsun og malbik, yfirlagnir.....	102.800 m ²
--	------------------------

Verki skal að fullu lokið 20. ágúst 2011.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
Yfirlagnir með repave-aðferð:			
3 Áætlaður verktakakostnaður	250.539.000	100,0	62.781
2 Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði *	213.579.695	85,2	25.822
1 Loftorka ehf., Garðabæ	187.758.000	74,9	0
Yfirlagnir með fræsing og malbiki:			
--- Áætlaður verktakakostnaður	267.823.000	100,0	10.117
1 Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík *	257.706.475	96,2	0

*Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. og Malbikunarstöðin Höfði hf. skiluðu einnig inn frávikstilboðum.

Yfirlagnir á Suðvestursvæði og Suðursvæði 2011, malbik ¹¹⁻⁰⁰⁶

Tilboð opnuð 24. maí 2011. Yfirlagnir með malbiki á Suðvestursvæði og Suðursvæði árið 2011.

Helstu magnþölur:

Malbik.....	17.100 tonn
Útlögn.....	115.200 m ²
Hjólafarafylling.....	47.000 m ²
Fræsing.....	16.400 m ²

Verki skal að fullu lokið 20. ágúst 2011.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	381.480.000	100,0	38.698
3 Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði	369.833.340	96,9	27.052
2 Loftorka ehf., Garðabæ	361.206.800	94,7	18.425
1 Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík *	342.781.600	89,9	0

*Malbikunarstöðin Malbikunarstöðin Höfði hf. skilaði einnig inn frávikstilboði.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
11-020 Vetrarþjónusta 2011-2014, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri	2011
11-019 Vetrarþjónusta 2011-2014, Brjánslækur - Bíldudalur	2011
11-017 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Straumsvík	2011
11-012 Hringvegur (1), Norðausturvegur - Hruteyjarkvísl, styrking og endurbætur	2011
11-013 Styrkingar og yfirlögn á Norðaustursvæði 2011	2011
11-004 Girðingar á Suðursvæði 2011	2011
11-005 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2011	2011

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
11-036 Breiðadals- og Botnsheiði, endurbætur á rafkerfi ganga	30.05.11	28.06.11
11-029 Upphéraðsvegur (931), Skeggjastaðir - Teigaból	30.05.11	15.06.11
11-030 Vetrarþjónusta 2011-2014, Vegamót - Borgarnes - Brattabrekka	30.05.11	15.06.11
11-035 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, norðurhluti, klæðing	23.05.11	31.05.11
11-034 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, austurhluti, klæðing	23.05.11	31.05.11
11-021 Ólafsfjarðarvegur (82), snjófóðavarnir við Sauðanes	23.05.11	07.06.11
11-033 Dyrhólavegur	16.05.11	31.05.11
11-031 Brú á Kópavogslæk (40), - viðgerð steypu	16.05.11	31.05.11

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
11-002 Yfirlagnir á Suðursvæði, klæðing 2011	09.05.11	24.05.11
11-008 Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og Suðursvæði 2011-2012, sprautuplast og mössun	09.05.11	24.05.11
11-032 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2011, repave eða fræsing og malbik	09.05.11	24.05.11
11-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2011, malbik	09.05.11	24.05.11
11-024 Brú á Pambá (68), viðgerð steypu	02.05.11	17.05.11
11-025 Brú á Tunguá (68), viðgerð steypu	02.05.11	17.05.11
11-026 Brýr á Hrófá og Fellsá (68), viðgerð steypu	02.05.11	17.05.11
11-027 Brú á Þorskaftarará (60), sandblástur og málun	02.05.11	17.05.11
10-057 Hringvegur (1) brú á Ystu - Rjúkandi	04.10.10	26.10.10
11-023 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2011, blettanir slitlaga	11.04.11	27.04.11

Samningum lokið

Ekki hefur verið lokið við neina samninga frá því síðasta tölublað kom út

Forval í vinnslu

11-018 Vaðlaheiðargöng 28.03.11 03.05.11

Útboð fellt niður, öllum tilboðum hafnað

11-014 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2011, austurhluti

10-012 Efnisvinnsla á Vesturlandi 2011

11-007 Grassláttur á Suðvestursvæði 2011-2012

Auglýsingar útboða

Breiðadals- og Botnsheiði, endurbætur á rafkerfi ganga

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbætur á rafkerfi ganga undir Breiðadals- og Botnsheiði.

Um er að ræða endurnýjun á iðntölvum í öllum stjórnskápum auk nauðsynlegra breytinga á skápunum, I/O einingar (dreifðar inn- og útgangseiningar) sem staðsettar verða í nær öllum neyðarsímaskápum með reglulegu millibili í öllum leggjum ganganna, neyðarsímaskápar (sími og slökkvitæki), blikkljós, lokunarbómur, dreifiskápar, varaafll og tilfærsla á fjarskiptaskápum (TETRA) og uppsetning á loftnetum.

Helstu magnbólur eru:

Aflstrengir	12.000 m
Ljósleiðari – single mode, 4 leiðari	10.000 m
Ljósleiðari – single mode, 24 leiðari	9.000 m
Síma- og slökkvitækjaskápar	62 stk.
Dreifiskápar utan tæknirýma	7 stk.
Varaafll	8 stk.
Upplýst umferðarskilti	89 stk.

Verkinu skal að fullu lokið 15. mars 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 30. maí 2011. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 28. júní 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Vefmyndavél Vegagerðarinnar við Lómagnúp síðdegis 24. maí. Óskufall frá Grímsvatnagosi og norðaustan hvassviðri. Vefmyndavélar Vegagerðarinnar má skoda á vegagerdin.is. Það er auðvelt að finna þær vinstra megin á síðunni. Myndir frá þeim segja meira en mörg orð þegar eitthvað er að veðri eða annar háski er yfirvofandi.